

Agust



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

KVÍSLAVEITA


3

Hljóðhraðamælingar og cobraboranir

Halína Bogadóttir
Þórólfur H. Hafstað

HB-ÞHH-81/02

Desember 1981



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

GREINARGERÐ

KVÍSLAVEITA

3

Hljóðhraðamælingar og cobraboranir

Halína Bogadóttir
Þórólfur H. Hafstað

HB-ÞHH-81/02

Desember 1981

Efnisyfirlit

	Bls.
1 Inngangur	1
2 Hljóðhraðamælingar	2
2.1 Yfirlit	2
2.2 Úrvinnsla	2
2.3 Stutt lýsing á mælingalínum	3
SS: Stíflustæði í Svartá	3
ÞS: Stíflustæði í Þúfuverskvísl	4
ES: Stíflustæði í Eyvindarkvísl syðri	4
AS: Skurðleið milli Eyvindar- og Hreysiskvíslar	5
GS: Jarðgangnaleið	6
BS: Neðra stíflustæði í Hreysiskvísl	8
HS: Skurðleið milli Hreysiskvíslar og Þjórsár	9
TS: Stíflustæði í Þjórsá	9
3 Cobraboranir	10

Myndaskrá

0 Afstaða staðsetningarkorta	
1 - 11 Staðsetningar hljóðhraðamælinga og cobraborana	
12 Snið eftir stíflustæði í Svartá	
13 - 16 Svartá. Hljóðhraðalínurit	
17 Snið eftir stíflustæði í Þúfuverskvísl	
18 og 19 Þúfuverskvísl. Hljóðhraðalínurit	
20 Snið eftir stíflustæði í Eyvindarkvísl syðri	
21 og 22 Eyvindarkvísl syðri. Hljóðhraðalínurit	
23 og 24 Kjarnaholur og hljóðhraðalínurit á gangnaleið	
25 Snið eftir neðra stíflustæði í Hreysiskvísl	
26 Hljóðhraðamælingar við Þjórsá. Dýpt á hljóðhraðaskil .	

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Hljóðhraðamælingar	Svartá
" 2.	"	Þúfuverskvísl
" 3.	"	Eyvindarkvísl syðri
" 4.	"	Skurðleið
" 5.	"	Jarðgangaleið
" 6.	"	Hreysiskvísl
" 7.	"	Hreysiskvísl-Þjórsá
" 8.	"	Þjórsá
" 9.	Cobradorun	Svará
" 10.	"	Þúfuverskvísl
" 11.	"	Eyvindarkvísl syðri
" 12.	"	Skurðleið. Hreysiskvísl til Þjórsár
" 13.	"	Skurðleið Eyvindarkv. til Hreysiskv.
" 14.	"	Jarðgangaleið
" 15.	"	Hreysiskvísl
" 16.	"	Þjórsá

1 Inngangur

Þetta hefti er hið þriðja í flokki greinargerða um athuganir á Kvíslaveitusvæði sumarið 1981. Hér er að finna niðurstöður hljóðhraðamælinga og cobraborana sem gerðar voru á væntanlegum stíflustæðum og vatnsvegum, bæði skurðleiðum og að hugsanlegum jarðgöngum.

Þar aðferðir sem hér um ræðir gefa einar sér engan veginn fullnægjandi upplýsingar um eðli og uppbyggingu lausra yfirborðslaga og efsta hluta berggrunnins, heldur verður að tengja niðurstöður þeirra efniskönnun á yfirborði og kjarnaborunum. Þar sem hægt er að tengja saman niðurstöður ýmissa mæliaðferða má búast við að samilega glögg mynd fái af viðkomandi svæði. Á svæði Kvíslaveitu er þetta helst hægt á stíflustæðum í Svartá, Þúfuverskvísl og syðri Eyvindarkvísl, þó ýmislegt fari þar ennþá á milli mála. Gerð hafa verið snið eftir nefndum stíflustæðum og um þau fjallað hér, en einnig í "Kvíslaveita 1. Kjarnagreining og lýsing stíflustæða".

Það háði nokkuð túlkun og framsetningu mælingagagna að mælistaðir voru ekki nákvæmlega inn mældir nema á hluta þess svæðis sem athuganirnar tóku yfir. Dregur framsetning nokkurt dóm af því og er hér með nokkuð mismunandi móti. Hér er fjallað nokkuð ýtarlega um einstakar mælingar og forsendur fyrir túlkun á þeim. Hvað stíflustæðin varðar er bestu heildarmynd að fá í "Kvíslaveita 1".

1981-12-14

2 Hljóðhraðamælingar

2.1 Yfirlit

Sumarið 1981 voru gerðar hljóðhraðamælingar eftir eftirfarandi línunum:

SS (20 prófílar). Stíflustæði í Svartá (myndir 1 og 12-16).

ÞS (12 prófílar). Stíflustæði í Þúfuverskvísl (myndir 3 og 17-19).

ES (14 prófílar). Stíflustæði í Eyvindarkvísl syðri (myndir 4 og 20-22).

AS (23 prófílar). Skurðleið milli Eyvindar- og Hreysiskvíslar (myndir 5, 6 og 7).

GS (22 prófílar). Gangnaleið milli Eyvindar- og Hreysiskvíslar (myndir 5, 6, 8, 23 og 24).

BS (10 prófílar). Stíflustæði (neðra) í Hreysiskvísl (myndir 9 og 25).

HS (10 prófílar). Skurðleið milli Hreysiskvíslar og Þjórsár (myndir 10 og 11).

TS (24 prófílar). Stíflustæði í Þjórsá (mynd 11).

Alls eru þetta 135 mælingaprófílar á 8 línunum eða svæðum.

Tilgangur mælinganna var að finna þykkt lausra jarðlaga og gerð berggrunns út frá hraða hljóðbylgna. Mælingarnar gerði Jósef Hólmjárn með ABEM-tæki.

Hæð og staðsetning þessara mælinga var nákvæmlega upp mæld á línunum sem merktar eru SS og ÞS og að mestu á línu merkt ES, og eru hnit og hæð í meðfylgjandi töflum. Aðrir prófílar hafa ekki verið mældir inn og er ónákvæm staðsetning þeirra sýnd á myndum 1 til 11.

2.2 Úrvinnsla

Við úrvinnsluna var notuð tölva PDP 11/34 og teikniborð TEKTRONIX 5663 og eftirtalin forrit:

SEISM (til að reikna þykkt mismunandi laga skv. "Time intercept-aðferð").

GTPLOT (til að teikna cobra- og hljóðhraðamælipunkta).

JSVPRX (til upplýsingar um hnit, hæð og niðurstöður á töfluformi).

SEITEI (til að teikna línurit af mælingum á stíflustæðum í Svartá, Þúfuverskvísl og Eyvindarkvísl syðri).

Allar upplýsingar eru á skrá sem ber heitið KVS og er geymd á diskettu [102 103] label KVISL á Orkustofnun.

1981-12-14

Gera má ráð fyrir að skekkja mælinganna hvað varðar þykkt einstakra laga sé 10-20%. Sé lag minna en ca. 3 m að þykkt, getur í mælingum skeikað einum metra til eða frá. Fróðleikur um hljóðhraðamælingar almennt er hvað aðgengilegastur í viðbæti "Búðahálsvirkjun" (OS8019).

2.3 Stutt lýsing á mælingalínunum

SS: Stíflustæði í Svartá

Línurit einstakra prófíla við Svartá eru sýnd á myndum 13-16 og snið eftir stíflustæðinu á mynd 12. Niðurstöður eru og í töflu 1.

Fjögur lög með mismunandi hljóðhraða finnast hér:

Hljóðhraði	Túlkun
1. 0,4-0,6 km/s	yfirborðslag.
2. 1,3-1,8 km/s	jökuluró?
3. 2,8-3,4 km/s	jökulberg?
4. 3,8-4,3 km/s	basalt.

1. Laust yfirborðslag er misþykkt, gjarnan um 1,5 m, en mest er þykktin norðan Svartár, nærri væntanlegum norðurenda stíflu. Þykkt þessa lags er í góðu samræmi við dýpt cobrahola á svæðinu sjá mynd 12.
2. Þessi hljóðhraði kemur fram undir lausu yfirborðslagi beggja vegna árinna, eins og sést á mynd 12. Tilvist hans gæti orkað tvímælis sunnan ár skv. SS-37, en sá prófíll liggur þvert á sniðið.
3. Hljóðhraðinn 2,8-3,4 km/s virðist einkenna berggrunn svæðisins norðan Svartár. Í holu KV-2, sem þar er, koma skil milli "laga" 2 og 3 ekki fram, en í þeirri holu var mikið kjarnatap. Nokkrir mislangir hljóðhraðaprófílar eru umhverfis holuna og kemur glögglega fram hljóðhraðamunur á ca. 13 m dýpi (sbr. línurit af SS-23, -22, -21 og -20 á mynd 13). Syðst á sniðinu er prófíll SS-34 og koma tvær túlkanir á honum til greina. Annað hvort er lag með hljóðhraða 3,5 km/s undir 3 m yfirborðslagi eða að þar er 10 m þykkt millilag með hljóðhraða 2,1 km/s ofan á basalti.
4. Grunnt er á basalt í holunum sunnan ár og er góð samsvörun við hljóðhraðamælingar þar. Norðan ár náðu tveir prófílar sem framlengdir voru í 240 m að greina hljóðhraða 3,8-4,3 km/s á svipuðu dýpi og kjarnaholan KV-2 sýnir basalt.

1981-12-14

ÞS: Stíflustæði í Þúfuverskvísl

Gerðar voru 12 mælingar og eru línurit einstakra prófíla sýnd á myndum 18 og 19, snið á mynd 17 og niðurstöður í töflu 2.

Gott innbyrðis samræmi er milli mælinga, þær eru glöggar og sýna þrjú lög:

Hljóðhraði	Túlkun
1. 0,4-0,5 km/s	þunnt (1-2 m) yfirborðslag. Samræmist vel dýpt cobrahola.
2. 0,9-1,1 km/s	misþykkt millilag, 5-13 m.
3. 2,9-3,5 km/s	e.t.v. tvö mismunandi lög.

Samræmi við kjarnaholur er ekki gott nema tekið sé tillit til grunnvatnsborðs. Basalt er í holu KV-9 á 5,5 m dýpi, en ÞS-6, sem er rétt hjá holunni sýnir þriðja lag á 11 m og góð samsvörun er við nálægar mælingar. Grunnvatnsborð er á um 12 m dýpi í holunni og liggur í stuðluðu basalti. Sambærilegar aðstæður eru í holu KV-13.

Hljóðhraðinn í lagi 2 er því líklega einkennandi fyrir þurrt jarðlag ofan grunnvatnsborðs.

Í lagi 3 má e.t.v. greina á milli tveggja innri laga, þar sem hinn lægri hraði einkenndi set en hinn hærrí basalt því hljóðhraði á bilinu 2,5-2,9 km/s er heldur lágur fyrir basalt nema það sé gjall- eða karga-kennt. Í ÞS-1 er annað hvort um 3 eða 4 lög að ræða, en prófíllinn er of stuttur til að skera fyllilega úr um það.

ES: Stíflustæði í Eyvindarkvísl syðri

14 hljóðhraðaprófílar voru hér mældir. Línurit þeirra eru sýnd á myndum 21 og 22, snið á mynd 20 og niðurstöður í töflu 3.

Eftirfarandi lagskipting kom í ljós:

Hljóðhraði	Túlkun
1. 0,5 km/s	laust yfirborðslag, 1-2 m á þykkt og með góðri samsvörun við cobrahólur.

1981-12-14

- 2. ca. 1 km/s 5-12 m þykkt lag.
- 3. 2,6-3,0 km/s líklega sandsteinn?

Hljóðhraðamæling fellur vel að sniði í kjarnaholu KV-5, þar sem lagamót og grunnvatnsborð eru í svipaðri hæð (sbr. mynd 20). Við holu KV-6 samræmist dýpi á þriðja hljóðhraðalagið grunnvatnsborði sem er á um 13 m dýpi, en lagamót ofanálíggjandi jökulbergs og sandsteins eru þar á um 15 m. Prófillinn ES-1 var endurtekinn og varð 200 m langur. Hann er við holu KV-3 og í ljós kemur að enginn hljóðhraðamunur verður greindur milli jökulbergs, sandsteins og basaltsins undir, en kjarnatap í því bendir til að það sé gropið eða sprungið ofanvert. Hljóðhraðamunur þessara jarðlaga virðist vera það lítil að engin skil verða greind við yfirborð basaltsins.

AS: Skurðleið milli Eyvindar- og Hreysiskvíslar

Eftir þessari línu voru gerðar 23 hljóðhraðamælingar (sbr. myndir 5, 6 og 7). Engin kjarnahola var boruð á þessari leið, en KV-4 er um 400 m NV af suðurenda mælinunnar (sjá samanburð hljóðhraðalínurits GS-1 við jarðlagaskipan í holunni, mynd 23). Niðurstöður hljóðhraðamælinganna eru í töflu 4.

Mælingarnar sýna ekki glögg hljóðhraðaskil vegna lítils hljóðhraðamunar milli laga. Oftast kemur fram yfirborðslag (0,4-0,6 km/s) um 2 m að þykkt. Hljóðhraði þar undir er ærið misjafn (1,1-3 km/s). Er hér greinilega um ýmis konar jarðlög að ræða. Reiknað er dýpi á þriðja "hljóðhraðalag" þar sem kemur greinilega fram í mælingunum, en á mörgum prófílum er það óskýrt, og var það oftast á um 10 m (2,4-3 km/s).

Skipta má mælingunum í þrjá hópa:

Hópur A: AS-1-5 (mynd 5). Þar greinast tvö lög:

- | Hljóðhraði | Túlkun |
|-----------------|--|
| 1. 0,5 km/s | yfirborðslag; þykkt 2 m (nema í AS-1; 1 km/s, 3-8 m). |
| 2. 2,2-2,4 km/s | (nema í AS-1; 2,8 km/s). Þessi hljóðhraði er óbreyttur svo langt sem mæling nær niður. |

1981-12-14

Hópur B: AS-6-15 (myndir 5 og 6). Þar greinast þrjú lög:

Hljóðhraði	Túlkun
1. 0,4-0,6 km/s	1-2 m þykkt yfirborðslag (ekki í AS-12 og -13).
2. 1,1-1,4 km/s	5-12 m. Þykktin mjög breytileg milli einstakra mælinga. Kemur ekki fram í AS-7 og -9, en er 12-15 m í AS-8 á milli þeirra, en sú mæling er á háhrygg.
3. 2,4-2,8 km/s	AS-7 var framlengd upp í 240 m milli skotpunkta, og mældist hljóðhraði hinn sami og í styttri mælingunni (2,6 km/s).

Hópur C: AS-16-24 (myndir 6 og 7). Hér greinast þrjú "lög":

Hljóðhraði	Túlkun
1. 0,4-0,7 km/s	yfirborðslag, um 2 m.
2. 1,8-2 km/s	6-12 m þykkt.
3. 2,9-3,3 km/s	

Hér mælist hærri hljóðhraði í 2 og 3 en í hópi B og víða greinast skil illa á milli þeirra, sérstaklega í AS-16, -20 og -21. Þar gæti verið um eitt "hljóðhraðalag" að ræða og þá með hraðann ca. 2,6 km/s.

GS: Jarðgangnaleið

Mældir voru 24 prófílar eftir þessari línu (sbr. myndir 5, 6 og 8). Niðurstöður hljóðhraðamælinganna eru sýndar í töflu 5. Mælingar voru gerðar í grennd við allar kjarnaholurnar og eru tengsl þar í milli sýnd á myndum 23 og 24.

Lítum einungis á þessi tengsl:

Kjarnahola KV-4 - mæliprófíll GS-1 (mynd 23)

Hljóðhraðamæling sýnir efst þunnt (2 m) yfirborðslag með hljóðhraða 0,4 km/s en undir því 10 m þykkt lag með hljóðhraðann 1,3 km/s. Þar eykst hraðinn í 2,4 km/s og kemur það mjög vel heim við jarðlagaskipunina í holunni, því að í henni kemur fram jökulberg á um 12 m dýpi. Önnur lagskipting kemur ekki klárlega fram á hljóðhraðalínuritinu. Prófíllinn var framlengdur upp í 240 m og sýnir að hljóðhraðamunur er lítill í jökulbergi og basalti. Finna má hljóðhraðann 3,1 km/s í fram-

1981-12-14

lengdri mælingu frá skotpunkti B á 22 m dýpi, eða á sama dýpi og lagamót eru í holunni, en brot í ferlinum er mjög óglögg.

Kjarnahola KV-7 - mæliprófíll GS-13 (mynd 23)

Lagskiptingin er með svipuðum hætti og í KV-4. Hljóðhraðamæling sýnir efst þunnt lag með 0,4 km/s, vel samsvarandi við dýpi cobrahola GC-30 og -31. Undir því er ósamliamt lag með hljóðhraða 1,3 km/s, en jökulberg sem undir er, hefur hljóðhraðann 2,9 km/s, allnokkru hærri en samsvarandi lag í KV-4. Ekki er hægt að greina lagamót milli jökulbergs og basalts sem eru á um 20 m dýpi.

Kjarnahola KV-8 - mæliprófíll GS-15 (mynd 24)

Hér er ekki gott samræmi milli hljóðhraðamælingar og kjarnaholu. Í holunni er basalt á 3 m dýpi, en hljóðhraðalínuritið sýnir greinilegt brot á ca. 12 m. Grunnvatnsborð er á 9 m. Ómögulegt er að sjá nokkuð af kjarnagreiningu sem orsakað gæti stökk í hljóðhraða úr 1,1 upp í 3 km/s. Þykkt lauss yfirborðslags með hljóðhraðann 0,4 km/s kemur vel heim við dýpt cobrahola GC-37 og -38, sem eru í skotpunktum hljóðhraðamælingarinnar.

Kjarnahola KV-10 - mæliprófíll GS-20 (mynd 24)

Lagamót hins lausa yfirborðslags og sandsteins koma ekki fram í hljóðhraðamælingu. Lagamót sandsteins við jökulberg sjást, en 3 m neðar en fram kemur í holunni og skeikar þar 20%. Hljóðhraðamælingin er allnokkru sunnan við holuna og á það e.t.v. sinn þátt í þessu ósamræmi þar sem breyting á jarðlagi getur hæglega verið þarna á milli. Samræmi er mun betra milli holunnar og hljóðhraðamælingarinnar GS-21 sem er norðan í melnum svo og GS-17.

Í stuttu máli má draga saman þessar upplýsingar svona:

1. Hljóðhraði í "lausu yfirborðslagi" skv. kjarnalýsingum er 1,3 km/s og kemur vel fram í hljóðhraðamælingum.
2. Hljóðhraði í jökulbergi er breytilegur frá 2,4-3 km/s.
3. Lagamót milli jökulbergs og basalts koma ekki fram vegna lítils hljóðhraðamunar.

1981-12-14

4. Þunnt sandsteinslag eykur hljóðhraða í lausu yfirborðslagi í 1,8 km/s (sbr. KV-10).
5. Hljóðhraði í basalti mælist ærið mismikill eða 1-3 km/s, sem gæti verið vegna mismikillar groppu, sprungna ellegar mishárrar grunnvatnsstöðu.

Hafa ber í huga að mjög erfitt getur verið að túlka mælingar á þessu svæði.

BS: Neðra stíflustæði í Hreysiskvísl

Hér voru gerðar 10 hljóðhraðamælingar og eru niðurstöður í töflu 6 og einnig á sniði á mynd 25.

Mæliprófílarnir BS-1-5 eru beggja vegna þrengslanna sem Hreysiskvísl fellur í til Þjórsár (mynd 9). Samkvæmt þeim verður greint á milli þriggja laga:

Hljóðhraði	Túlkun
1. 0,4-0,5 km/s	þunnt yfirborðslag
2. 1-1,3 km/s	líklega jökulurð?
3. 2,9-3 km/s	berggrunnur? ca. 600 m y.s.

Mæliprófílarnir BS-6-10 eru á línu með austlæga stefnu eftir flatlendinu norðan Hreysiskvíslar. Mælingarnar eru glöggar og sýna skil milli hljóðhraðans 0,4 km/s og 2 km/s á svipuðu dýpi, eða um 8 m. Dýpt cobrahola er ekki í neinu samræmi við þetta og línurit yfir borang sýna enga breytingu á gangi borunar fyrr en hún stöðvast (sbr. mynd 25). Líklega eru þessi hljóðhraðaskil vegna grunnvatnsborðs, þannig að hinir mismunandi hljóðhraðar séu vegna þess að árframburðurinn, sem hér myndar jarðgrunn, sé annars vegar þurr en hins vegar blautur. Þetta getur vel samrýmst því að undan bökkunum meðfram kvíslinni koma fram smálindir í um 578 m y.s.

Á mynd 25 er gert ráð fyrir að hraði í neðsta lagi sé 3 km/s og reiknað minnsta dýpi á það fyrir prófílana BS-7, -8 og -9 til að það kæmi fram.

1981-12-14

HS: Skurðleið milli Hreysiskvíslar og Þjórsár

Niðurstöður mælinganna eru í töflu 6 og afstaða þeirra sýnd á myndum 10 og 11.

Á syðri hluta mælilínunnar fæst svofelld lagskipting í HS-1-7:

Hljóðhraði	Túlkun
1. 0,3-0,4 km/s	yfirborðslag 2-3 m að þykkt. Er ekki í farvegi Hreysiskvíslar.
2. 1,5-1,7 km/s	allt að 15 m þykkt setlag.
3. 2,5-3,3 km/s	hugsanlega jökulberg með hliðsjón af kjarnaholu KV-12. Í HS-1 og -2 gæti verið um basalt að ræða.

Mælingarnar HS-8-10 gefa nokkuð mismunandi niðurstöður, en milli HS-9 og holunnar KV-14 er ágæt samsvörun (sbr. snið í Kvíslaveita 1).

TS: Stíflustæði í Þjórsá

Hugsanleg stíflustæði í Þjórsá eru þétt mæld svo sem sést á staðsetningarkorti á mynd 11. Gerðar voru 24 hljóðhraðamælingar. Vegna óvissu um nákvæma staðsetningu mælinganna er hér ekki teiknað þversnið, heldur eru niðurstöður einungis gefnar í töflu 8.

Mældur hljóðhraði er mjög keimlíkur milli einstakra mælinga og má greina á milli tveggja "hljóðhraðalaga":

Hljóðhraði
1. 1,6-1,9 km/s
2. 3,3-3,6 km/s

Dýpi á lag nr. 2 (fast berg) er yfirleitt 10-20 m, en oftast um 15 m. Laust yfirborðslag kemur yfirleitt ekki fram í mælingunum, en þar sem svo er, er það þynnra en 2,5 m.

Prófillinn TS-5 var framlengdur upp í 170 m en hljóðhraðaskiptingin reyndist þar hin sama og í hinum styttri prófílum, sem þýðir að hljóðhraðinn ca. 3,3 km/s er ríkjandi niður á allnokkurt dýpi.

Á mynd 26 er sýnt dýpi á lagamót (1 og 2) samkvæmt hljóðhraðamælingum í farvegi Þjórsár.

1981-12-14

3 Cobraboranir

Á slóðum vantanlegrar Kvíslaveitu voru gerðar boranir með Cobra-bor til könnunar á þykkt lausra yfirborðslaga. Boranirnar fóru fram í júlí og ágúst 1981 og má skipta þeim í eftirtalda hluta:

Stíflustæði í Svartá. Holur merktar CC-1 til CC-38; CXC-1 til CXC-4 og CYC-1 til CYC-4. Alls eru þetta 47 holur á þrem mislöngum línum og eru sem næst 50 m milli hola. Staðsetning þeirra hefur verið mæld.

Stíflustæði í Þúfuverskvísl. Holur merktar ÞC-1 til ÞC-52; alls 52, og eru sem næst 50 m milli þeirra. Þær raðast í höfuðdráttum á eina línu sem þó er ekki alveg samfelld. Staðsetning þeirra er mæld.

Stíflustæði í Eyvindarkvísl syðri. Holur merktar EC-1 til EC-32; alls 32 holur með um 50 m bili á einni nokkurn veginn samfelldri línu.

Staðsetning hefur verið mæld á tæpum helmingi þeirra, eða upp að EC-15.

Skurðleið milli Eyvindarkvíslar syðri og Hreysiskvíslar. Holur merktar SC-1 til SC-61; alls 61 hola og eru jafnan 100 m á hilli hola á línunni. Hér hefur landmæling ekki verið gerð.

Gangaleið milli Eyvindarkvíslar nyrðri og Hreysiskvíslar. Holur merktar GC-1 til GC-47; alls 47 holur milli fyrirhugaðra stíflustæða í nefndum kvíslum. Um 100 m eru að jafnaði á milli hola og er línan nokkuð samfelld nema þar sem hún sker SC-línuna. Staðsetning ómæld.

Skurðleið milli Hreysiskvíslar og Þjórsár. Holur merktar HC-1 til HC-30; alls 30 holur með um 100 m bili milli fyrirhugaðra stíflustæða í þessum ám. Staðsetning hefur ekki verið mæld.

Stíflustæði í Þjórsá. Holur merktar TC-1 til TC-12; alls 14 holur, sem segja má að raði sér á fjórar línur í farvegi árinna. Innbyrðis fjarlægð þeirra er nokkuð misjöfn og ekki eru þær mældar.

Hugsanlegt stíflustæði í Hreysiskvísl. Holur merktar BHC-1 til BHC-10; alls 10 holur í grennd við flugvöllinn norðan Hreysiskvíslar. Fjarlægð milli holanna er allt að 200 m og eru þær ekki mældar inn.

Gerð er grein fyrir þessum holum í töflum 8-16, en auk þess voru gerðar 7 holur á hugsanlegum bráðabirgðastíflustæðum í Svartá (merkt C-), 6 holur við Illugaverskvísl á fyrirhuguðu brúarstæði (merkt IC-) og 12 holur á fyrirhuguðu stíflustæði í Grjótakvísl (merkt AC-). Einnig var borað í skurði milli Svartáarkvísla meðan á greftri hans stóð.

1981-12-14

Cobradorunum er ætlað að gefa til kynna þykkt lausra yfirborðsjarðlaga og einnig hvort um innri lagskiptingu er að ræða í þeim. Þegar aðstæðum er svo háttáð sem hér er, verða niðurstöður borananna ekki eins ótvíræðar og þar sem um einsleit og vel afmörkuð yfirborðslög er að ræða.

Á rannsóknarsvæðinu er yfirborðsjarðlögum á þann veg háttáð, að jökulurð hylur fast berg víðast hvar. Fast berg eða berggrunnur er ýmist hraun eða set og þá annað hvort sandsteinn eða jökulberg. Gjarnan eru skil milli lausra yfirborðslags og berggrunns óglögg, einkum ef um jökulurð á jökulbergi er að ræða.

Þá er þess einnig að gæta að í jökulurð ægir saman efni með alls konar kornastærð, allt frá mélu upp í stórgrýti. Alltaf er við því að búast að borun við slíkar aðstæður gangi mishratt og jafnvel að hún stöðvist alveg á einstökum steini án þess að það tákni ákveðin lagamót.

Boranirnar voru alltaf framkvæmdar á sama veg. Þeim var hætt í hverri holu þegar bor stoppaði eða gekk það hægt að lengri tíma en 60 sek. þurfti til að reka hann niður um 20 cm. Þetta átti þó ekki við þegar borað var í gegn um klaka í mýrum, en þá var oft farið yfir þessi mörk.

Af þessum sökum er hér ekki gerð grein fyrir borhraða við einstaka borun þar sem það gefur ekki endilega rétta mynd af því hversu fast yfirborðsjarðlagið er fyrir. Í skráum þeim sem hér fylgja er því aðeins gerð grein fyrir bordýpi auk athugasemdar. Einnig er reiknuð botnhæð holu þar sem landmæling hefur farið fram.

Staðsetning á cobraholum utan þess svæðis sem náðist að mæla áður en vetur gekk í garð, er af skiljanlegum ástæðum ábótavant, og fer ekki hjá því að skrár um þær séu heldur snautlegar. Norðan EC-15 eru einstakar staðsetningar eftir minni og korti og ber að taka þeim með hinn mestu varúð, enda er þeim einungis ætlað að vera til leiðsagnar. Staðsetningar hinna einstöku "borlína" er sýnd á kortum með staðsetningum smáskjálftamælinga á myndum 1-11 og einnig á myndum 12, 17, 20 og 25.

Svo sem fyrr er sagt um gang cobradorana í gegn um misleit yfirborðs-

1981-12-14

jarðlög, þá gefa þessar boranir ekki ótvíræðar upplýsingar um hversu viðkomandi jarðlag er vinnanlegt þegar á að moka. Þetta kom matavel í ljós við borun í skurði milli Svartárkvísla. Þar var um að ræða tiltölulega fínefnasnauða möl, líklega jökulvatnsset. Í hana gekk borinn ekkert þó svo hún væri frekar auðgræf fyrir jarðýtur. Í ljósi þessa þykir mega álykta að jarðlag sé auðgræft niður á það dýpi sem cobra kemst og a.m.k. í sumum tilfellum dýpra.

Hins vegar er svo að sjá að víðast hvar falli botndýpi cobrahola vel saman við lausustu yfirborðslög sem fram koma í hljóðhraðamælingunum. Þar sem svo háttar til virðist vera full ástæða til að ætla að um samilega vel afmarkanleg lagamót sé að ræða.





VOD - JK-856 - PHH
Bl. II. - 1454 - Gyða

Mynd 0

Kvíslaveita

Legg staðsetningarmynda
hljóðhraðamælinga og cobraborana



Múlajökull

Eywindarvegur

Eywindarvegur

Þjórsáralda

Bisvungsbúla

Þúfuverskvísl

Þúfuvegur

Þúfuvegur

Sólvegur
holur

Þjórsá

Mynd 11
(Kortabl. 3246/21)

Mynd 10
(Kortabl. 3246/20
3246/21)

Mynd 9
(Kortabl. 3246/20
3246/30)

Mynd 8
(Kortabl. 3246/20
3245/23)

Mynd 7
(Kortabl. 3246/30
3246/33)

Mynd 6
(Kortabl. 3245/22
3245/23)

Mynd 5
(Kortabl. 3245/22
3245/32)

Mynd 4
(Kortabl. 3245/31
3245/32)


Mynd 3
(Kortabl. 3345/01
3345/00)

Mynd 2
(Kortabl. 3345/00)

Mynd 1
(Kortabl. 3344/03
3344/02)



VOD-JK-856 P.H.H.
8.II.1469. Sy.J.



KVISLAVEITA Mynd I

Staðsetning hljóðhradamælinga
SS-20-39

Cobra-línur CC-1-38, CXC-1-4,
CYC-1-4.

Kjarnaholur KV-1, KV-2, KV-15.

Af kortablöðum 3344/02 og 3344/03




6012


VOD-JK-856. P.H.H.
8.III.1470. S.V.J.



KVÍSLAVEITA Mynd 2

Cobra-ling PC-I-20 5938
Af kortablaði 3345/00






KVÍSLÁVEITA
Mynd 3

Staðsetning hljóðhraðamælinga BS-1-12
Cobra-lína PC-21-52
Kjarnaholur KV-9, KV-11 og KV-13
Af kortablöðum 3345/01 og 3345/00


0 100 200 300m



KVÍSLAVEITA
Mynd 4

Staðsetning hljóðhradameðlinga
 ES-1-14
 Cobra-lína EC-1-32
 Kjarnaholur KV-3, KV-5 og KV-6
 ÁR kortabliðum 3245/32 og 3245/31

VOD-JK-896 P.H.H.
 8.II.14.17.S.J.




KVÍSLAVEITA
Mynd 5


Staðsetning hljóðhraðamælinga
AS-1-8 og GS-1-7
Cobra-línur SC-1-20 og GC-1-5.
Kjarnahola KV-4
Af kortablöðum 3245/22 og 3245/32


VOD-JK-856.Þ.H.H
.81.11.1432 Sy.J.



VOD-JK-856. Þ.H.H.
8.III. 1433. Sy. J.








KVÍSLAVEITA
Mynd 8


Staðsetning hljóðhráðamælinga
GS-13-22
Cobra-lína GC-30-47
Kjarnahotur KV-7, KV-8 og KV-10.
Af korta blöðum 3246/20 og 3245/23



KVÍSLAVEITA
Mynd 9

Staðsetning hijóðhraðamælinga
BS-1-10
Cobra-lína BHC-1-10

Af kortablöðum 3246/20 og 3246/30




KVÍSLAVEITA
Mynd IO

Staðsetning hljóðhraddmælinga HS-1-7
Cobra-lína HC-1-23
Kjarnahola KV-12

Af kortablöðum 3246/21 og 3246/20

N

0 100 200 300 m




KVÍSLAVEITA

Mynd II

Staðsetning hljóðhraðamælinga
HS-8-10 og TS-1-24
Cobra-línur HC-24-30 og TC-1-12
Af kortblaði 3246 (2)




N




KVÍSLAVEITA

Snið eftir stíflustæði í Svartá


Mynd 12




SS20




SS21




SS22




SS24




SS23 38m



SS23



SS25




SKÝRING:
1,5- hljóðhraði í km/s

VOD.MJ.856.HB
81.12.1530




KVÍSLAVEITA
SVARTÁ
HLJÓÐHRADALÍNURIT
MYND 13


SS28




SS26




SS27




SS30




SS29



SS27 50m





 VOD.MJ.856.HB
 81.12.1531


KVÍSLAVEITA
 SVARTA
 HLJÓÐRADALÍNURIT
 MYND 14

SKÝRING:
 1,5- hljóðhraði í km/s


SS31




SS32




SS33




SS31 50m



SS32 60m



SS33 60m




VOD.M.J.856.HB
81.12.1532




KVIÐLAVEITA
SVARTA
HLJÓÐRADALINURIT
MYND 15

SKÝRING:
1,5- hljóðhraði í km/s


SS34




SS35




SS36




SS37



SS38



SS39



SKÝRING:
1,5- hjóðhraði í km/s


15 VOD . M.J. 856 . HB
81.12.1533

KVÍSLAVEITA
SVARTÁ
HLJÓÐRADALÍNURIT
MÝND 16


KVÍSLAVEITA

Snið eftir stíflustæði í Þúfuverskvísl


Mynd 17




ps1




ps2




ps3




ps4



ps5



ps6




VOD.MJ.856.HB
81.12.1534


KYISLAVEITA
PUFUVERSKYISL
HLJODHRADALINURIT
MYND 18

SKÝRING:
1,5- hjóðhraði í km/s


ps7




ps8




ps9




ps10



ps11



ps12



VOD. MJ. 856.HB
81.12.1535


KVIŠLAVEITA
ÞÚFUVERSKVIÐSL
HL-JÓÐFRADALINURIT
MYND 19

SKÝRING:
1,5 - hljóðhraði í km/s

KVÍSLAVEITA


Snið eftir stíflustæði í Eyvindarkvísl

Mynd 20




Legu sniðs á mynd 4


ES4




ES3




ES2




ES1




ES5




ES1'




ES7



ES6



ES1'' 50m




IF VOD.MJ.856.HB
81.12.1536


KVÍSLAVEITA
EYVINDARKVÍSL SYÐRI
HLJÓÐRABALÍNURIT
MYND 21

SKÝRING:
1,5 - hlióðhraði í km/s


ES11




ES10




ES9




ES8




ES14



ES13



ES12




SKÝRING:
1,5- hjóðhraði í km/s


 VOD.MJ.856.HB
81.12.1537

KVIÐLAVEITA
EYVINDARKVIÐL SYDRI
HL-JÓÐHRADALINURIT
MYND 22


GS1




GS1



GS13



GS13



Skýringar:


- KV-1 kjarnaholur
- laust yfirborð
- jökulberg
- þóleit basalt
- 1,5- niðhræði í km/s

VOD.MJ.856.HB
81.12.1538




KVÍSLAVEITA
KJARNAHOLUR OG HLJÓÐRABALÍNURIT

MYND 23

GS15



GS20



Skýringar:


- KV-1 kjarnaholur
- laust yfirborð
- jökulberg
- póleitt basalt
- Set
- 1,5 - hljóðhraði í km/s

VOD.MJ.856.HB
81.12.1539

KVÍSLAVEITA
KJARNAHOLUR OG HLJÓÐRADALÍNURIT

MYND 24

KVÍSLAVEITA
Hreysiskvísl, neóra stíflustæði
ófullkomið snið



- SKÝRNINGAR:**
- 0.4 - 0.5 km/s - laust, þurr fyrirborðslag
 - 1.7 - 2.2 km/s - sama lag undir grunnvatnsborði
 - 1 - 1.3 km/s, jökulurð ?
 - 2.9 - 3.0 km/s, berggrunnur ?

- 0.4 Hljóðhraðastíll
- 1.9
- (3.0) Minnsta hugsanlega djúpi



Lega sniðs ; sjá mynd 9



VOD-JK-856. Þ.H.H./H.B.
8.12.1513 Sy.-J.

KVISLAVEITA
- Mynd 26
Staðsetning hijóðhraðamælinga
HS-8-10 og TS-1-24
Cobra-fínur HC-24-30 og TC-1-12
Af höfðablaði 3246/2

SKÝRINGAR

- ⑮ Dýpi í metrum á lag með hijóðhraði 3,3-3,6 km/s
skv. hijóðhraðamælingum
- ⑦ Dýpi cobraholu, m

522.000
464.000



ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD

HLJODHRADAMELINGAR
SVARTA

1981-12-14
Blad 1 af 2 HB Tafla 1

Hæll nr.	Hnit	Hæd	Hljodhradi, km/s						Þykkt, m			Dýpi, m
			X-vestur	Y-nordur	m y.s.	V1	Uu, Vd	Vt	Uu, Vd	Vt	1. las h1	
SS20	A	531404.14	447466.57		0.5	1.30		3.40		1.4	12.2	14
	B	531365.35	447559.49		0.5	1.30	1.3	3.50	3.4	1.9	12.1	14
SS21	A	531365.35	447569.49		0.5	1.50		3.50		1.6	13.4	15
	B	531360.00	447500.00		0.5	1.10	1.3	3.40	3.4	1.2	12.8	14
SS22	A	531346.04	447606.07		0.6	1.40		2.60		1.7	6.9	9
	B	531326.45	447653.60		0.6	1.40	1.4	3.20	2.9	1.7	9.3	11
SS23	A	531299.81	447715.96		0.6			3.10		6.6		
	B	531250.00	447780.00		0.7			3.10	3.1	5.5		
SS24	A	531465.60	447270.15		0.8			4.10		2.8		
	B	531465.99	447317.94		0.8			4.40	4.2	2.4		
SS25	A	538495.00	447317.00		0.4			4.60		3.6		
	B	531465.00	447290.00		0.8			3.70	4.1	1.5		
SS26	A	531460.00	447870.00		0.4			3.00		2.8		
	B	531440.00	447830.00		0.5			2.60	2.8	2.5		
SS27	A	531460.00	447870.00		0.4	2.90		4.30		3.0	19.0	22
	B	531440.00	447830.00		0.4	2.80	2.8	3.50	3.9	2.3	12.7	15
SS28	A	531202.28	447803.41		0.5			3.20		3.0		
	B	531163.22	447833.63		0.4			3.40	3.3	3.0		
SS29	A	531044.69	447923.03		0.4			3.50		6.2		
	B	531005.27	447954.33		0.4			3.40	3.4	6.2		
SS30	A	530893.23	448040.32		0.4			3.60		6.0		
	B	530853.00	448071.00		0.4	1.20		2.00	2.6	1.6	7.0	9
SS31	A	531465.00	447515.00		1.3	2.30		4.20		5.8	22.0	28 C
	B	531300.00	447465.00		1.3	2.60	2.4	4.50	4.3	11.2	17.7	29
SS32	A	531005.27	447954.33		0.4			3.50		5.8		
	B	530915.00	448025.00		0.4			3.60	3.5	6.0		
SS33	A	531085.00	447895.00		0.4			3.40		3.4		
	B	531105.00	447785.00		0.4			3.50	3.4	3.8		
SS34	A	531640.00	446600.00		0.4	2.20		3.60		2.0	11.0	13 D
	B	531695.00	446705.00		0.4	2.10	2.1	4.60	4.0	2.0	13.0	15
SS35	A	531658.32	446661.05		0.5			3.80		2.5		
	B	531625.00	446970.00		0.5			3.70	3.7	2.5		
SS36	A	531599.51	447000.18		0.4			4.20		2.5		
	B	531563.97	447084.49		0.5	1.80		4.20	4.2	1.3	6.0	7

C Yfirborðsfas með 0.5 km/s, 2 m Þykkt, er í viðbot.

D Önnur tulkun kemur til greina.

V = velocity / hljóðhradi

u = up-dip / hallar upp

d = down-dip / hallar niður

t = true / rettur

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD

HLJODHRADAMELINGAR
SVARTA

1981-12-14
Blad 2 af 2 HB

Hall nr.	Hnit		Hsd		Hljodhradi, km/s				Þykkt, m			Dypi, m
	X-vestur	Y-nordur	m y.s.	V1	Vu, Vd	Vt	Vu, Vd	Vt	1. lag h1	2. lag h2	3. lag h2	
SS37	A	531504.00	447225.00		1.0		3.80		2.4			
	B	531545.00	447225.00		0.4		3.80	3.8	2.4			
SS38	A	531524.24	447177.29		0.4	1.70	5.40		1.8	5.5	7	
	B	531465.60	447270.15		0.8		3.40	4.2	2.5			
SS39	A	531452.00	447270.00		0.8				4.0			
	B	531444.08	447374.67		0.8							

V = velocity / hljodhradi
u = up-dip / hallar upp
d = down-dip / hallar nidur
t = true / rettur

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD

HLJÓÐHRADAMÆLINGAR
ÞUFUVERSKVISL

1981-12-14
Blad 1 af 1 HB

Tafla 2

Hyll nr.		Hnit		Hæð m y.s.	Hljóðhraði, km/s					Þykkt, m			Dýpi, m H2
		X-vestur	Y-nordur		V1	Vu, Vd	Vt	Vu, Vd	Vt	1.lag h1	2.lag h2	3.lag h3	
